

Nd.

18. Frumvarp til laga

[18. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Jóhann Hafstein, Sigurður Ágústsson, Björn Ólafsson,
Kjartan J. Jóhannsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

2. tölul. 2. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs, 12 millj. kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, var bátafloki landsmanna endurnýjaður með mjög stóru átaki á fyrstu árunum eftir síðustu styrjöld. Síðan dró aftur mjög úr nýbyggingum fiskiskipa. Síðustu árin hafa svo á ný átt sér stað risaátök við endurnýjun bátaflotans. Lánveitingar til þeirra framkvæmda hafa að langmestu leyti verið úr fiskveiðasjóði. Hins vegar er svo komið, að afla verður sjóðnum meira fjár, ef ekki á að draga stórlega úr framkvæmdum á þessu sviði og öðrum, sem hlutverk sjóðsins er að styðja.

Þegar lögín um fiskveiðasjóð voru endurskoðuð að tilhlutun fyrrv. atvinnu-
málaráðherra fyrir tveimur árum, var gert ráð fyrir því í greinargerð frumvarpsins, að greiðsluhalli sjóðsins mundi nema 53.1 millj. kr. á fimm ára tímabilinu frá 1955—1959. Í lögnum var ríkissjóði heimilað að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn allt að 50 millj. kr. Þessi lánsheimild hefur ekki verið notuð, en hins vegar hafa bátabyggingar og viðhald véla og báta orðið bæði meiri og kostnaðarsamari en ráðgert var. Það, sem forðað hefur frá vandræðum, er, að bæði árin, 1955 og 1956, hefur fiskveiðasjóði verið lagt til fé af greiðsluafgangi ríkissjóðs, fyrra árið 8 millj. kr. og síðara árið 10 millj. kr. Nokkuð hefur það bætt úr í bili, að 2—3 ára greiðslufrestur hefur fengizt á nokkrum hluta andvirðis báta, sem erlendis hafa verið smíðaðir.

Með hliðsjón af öllum aðstæðum virðist eðlilegt að lögfesta nú aukið framlag ríkissjóðs til fiskveiðasjóðs, og er það tilgangur þessa frumvarps, en lagt er til, að árlegt ríkissjóðsframlag hækki um 10 millj. kr. Mun það þó ekki nægja, nema jafnframt sé notuð lánsheimild laganna, ef framkvæmdir eiga að halda áfram svipað og verið hefur, en á því er vissulega fyllsta þörf. Í skýrslu fiskveiðasjóðs, sem gefin var út á hálfri aldar afmæli sjóðsins, þann 10. nóv. í fyrra, sést, að af rúmlega 100 millj. kr. tekjum sjóðsins frá upphafi höfðu þá aðeins rúmar 11 millj. kr. runnið frá ríkissjóði. Meginið af tekjunum hefur verið frá útveginum sjálfum, útflutningsgjöld af sjávarafurðum, og svo vaxtatekjur sjóðsins.

Mikilvægi fiskveiðasjóðs er augljóst, þegar á það er bent, að á síðustu tveimur og hálfu ári hefur sjóðurinn veitt lán til bygginga og kaupa á 193 stærri og minni fiskibátum, eða samtals 4276 rúmlestir. Heildarlánveitingar sjóðsins á þessum tíma hafa numið um 80 millj. kr.

Til frekari áréttingar fylgja hér með skýrslur um lánveitingar sjóðsins síðustu árin og áætlun sjóðsstjórnarinnar frá því í júní s. l. um þá lánsfjárbörf, sem sjóðnum er ætlað að sinna.

Fylgiskjal I.**FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS****Lánveitingar 1954.**

Tegundir lána	Skipa- fjöldi	Rúm- lestir	Meðalverð á rúmlest	Heildarverð kr.	Lán alls kr.
Opnir vélbátar	31	105	12 174.00	1 278 300.00	572 600.00
Þilbátar, undir 12 rúml. ..	9	71	18 790.00	1 334 100.00	585 500.00
Vélskip, yfir 12 rúml.	9	391	20 355.00	7 958 700.00	5 475 000.00
Innflutt eldri eikarskip ...	3	131	15 092.00	1 997 000.00	948 400.00
Innflutt eldri eikarskip ...	5	262	16 489.00	4 320 300.00	1 935 500.00
	57	946	16 835.00	16 926 700.00	9 933 600.00
Vélakaup í skip	50			9 053 000.00	5 820 300.00
Viðgerðir á skipum	16				952 900.00
Vinnslustöðvar og verbúðir					3 730 000.00
					Kr. 20 910 578.00

Fylgiskjal II.**FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS****Lánveitingar 1955.**

Tegundir lána	Skipa- fjöldi	Rúm- lestir	Meðalverð á rúmlest	Heildarverð kr.	Lán alls kr.
Opnir vélbátar	49	190	16 478.00	2 966 000.00	1 331 500.00
Þilbátar, undir 12 rúml. ..	10	77	22 129.00	1 703 900.00	993 500.00
Vélskip, yfir 12 rúml.	5	174	21 128.00	3 676 200.00	2 530 500.00
Innflutt ný eikarskip	11	586	16 439.00	9 633 200.00	6 402 000.00
Innflutt eldri eikarskip ...	6	246	15 745.00	3 873 300.00	1 722 000.00
Innflutt ný stálskip	2	127	18 380.00	2 333 200.00	1 430 000.00
	83	1400	17 276.00	24 185 800.00	14 409 500.00
Vélakaup í skip	44			7 517 590.00	4 895 000.00
Viðgerðir á skipum	23				1 348 200.00
Vinnslustöðvar og verbúðir					5 051 000.00
					Kr. 25 703 700.00

Fylgiskjal III.**FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS****Lánveitingar 1. janúar til 30. júní 1956.**

Tegundir lána	Skipa- fjöldi	Rúm- lestir	Meðalverð á rúmlest	Heildarverð kr.	Lán alls kr.
Opnir vélbátar	19	81	17 585.00	1 424 400.00	608 000.00
Þilbátar, undir 12 rúml. ..	2	18	23 244.00	418 400.00	239 000.00
Vélskip, yfir 12 rúml.	10	520	24 173.00	12 569 900.00	8 350 000.00
Innflutt ný eikarskip	12	706	19 291.00	13 619 800.00	8 555 000.00
Innflutt ný eikarskip	3	117	17 395.00	2 035 300.00	1 365 000.00
Innflutt ný stálskip	7	474	20 002.00	9 481 100.00	5 820 000.00
	53	1930	20 472.00	39 510 600.00	24 520 400.00
Vélakaup í skip	33			8 009 250.00	5 150 400.00
Viðgerðir á skipum	16				1 426 678.00
Vinnslustöðvar og verbúðir					3 737 000.00
					Kr. 34 360 700.00

Fylgiskjal IV.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Áætlun um stofnlánaþörf til aukningar og viðhalds á vélbátaflotanum.

1. Síðastliðin 2½ ár (1. janúar 1954 til 30. júní 1956) hefur fiskveiðasjóður veitt lán til aukningar á bátaflotanum um samtals 4276 rúmlestir.

Samkvæmt því er aukningin 1710 rúmlestir að meðaltali á ári. Miðað við meðalverð rúmlestar á þeim skipum, sem fengið hafa lán á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 1956, sem er kr. 20 472.00 (en það byggist að mestu á verðlagi á árinu 1955), væri heildarverð ársaukningarinnar: kr. 20 472.00 × 1710 = kr. 35 000 000.00.

Lána má allt að ¾ kostnaðar- eða virðingarverðs, og yrði þá lánsfjárþörfin á þessum lið, ef aukning flotans heldur þannig áfram

kr. 26 250 000.00

Þess skal getið, að fyrir 4—5 árum áætlaði Fiskifélag Íslands, að hæfileg aukning til þess að halda vélskipaflotanum sæmilega við væri um 1000 rúmlestir á ári. Vegna stækkunar skipanna á síðustu árum mætti nú líklega hækka þá tölu í um 1200 rúmlestir. Ef slík árleg aukning nægði næstu tvö ár, lækkar þessi liður niður í $20472 \times 1200 \times \frac{3}{4} = 18.4$ millj. kr., eða um sem næst 8 millj. kr.

2. Til vélakaupa í skip hefur verið áætlað 1956 7 millj. kr., en vegna verðhækkana (m. a. framleiðslusjóðsgjalds) og mikillar aukningar á flotanum þykir óvarlegt að áætla minna í þennan lið árlega en 9 millj. kr.

— 9 000 000.00

(Lánveitingar þessar hafa numið rúmlega 5 millj. króna á fyrra missiri yfirstandandi árs.)

3. Viðgerðir skipa og véla. Með hliðsjón af reynslu þessa árs (1956) áætlast þessi liður
4. Verbúðir og vinnslustöðvar. Lánsfjárþörfin áætlast á sama hátt

— 2 000 000.00

— 7 000 000.00

Samtals kr. 44 250 000.00

sem er áætluð lánsfjárþörf á ári, miðað við hlutfallslega svipaða aukningu og s. l. 2½ ár og verðlag 1955—1956.

Á árinu 1956 hefur verið gert ráð fyrir, að fiskveiðasjóður hefði handbært fé til útlána sem hér segir:

1. Innheimtar afborganir og vextir (að frádregnum rekstrar-kostnaði)
2. Af útflutningsgjaldi sjávarafurða
3. Frá ríkissjóði, á fjárlögum

kr. 7 500 000.00

— 8 500 000.00

— 2 000 000.00

Kr. 18 000 000.00

Í árslok 1956 er áætlað, að skuldaliðurinn „innstæður lántakenda“ í reikningi sjóðsins verði nálægt 20 millj. króna. Eru það eftirstöðvar af kaupverði skipa erlendis frá, sem kaupendur hafa fengið gjaldfrest á, yfirleitt til tveggja ára, en fiskveiðasjóður hefur haldið eftir af lánveitingum sínum tilsvarendi upphæð í ísl. krónum og er skuldbundinn til að greiða innstæðurnar, jafnóðum og erlendu skuldirnar falla í gjalddaga.

Verða þetta um 10 millj. króna útborganir hvort árið, 1957 og 1958.

Ef reiknað er með fyrrgreindri tekjuáætlun yfirstandandi árs, kr. 18 000 000.00, verður handbært fé fiskveiðasjóðs til útlána árin 1957 og 1958 aðeins um 8 millj. króna, þegar lokið er greiðslu fyrrnefndra innstæðna.

Vantar því um 36 millj. króna hvort árið 1957 og 1958 til þess, að unnt verði að fullnægja lánsfjárþörf þeirri, sem áætluð er hér að framan, sbr. þó athugasemdir við 1. lið.